

Mánudaginn 28. febrúar 1927.

Nr. 88/1926.

Ingimundur Bernhardsson
 gegn
Hildi Grandjean.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingimundur Bernhardsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 7. mars 1927.

Nr. 86/1926.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
 gegn

Þórarni Olgeirssyni (Lárus Jóhannesson).

Olöglegar botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. nóv. 1926: Kærður, Þórarinn Olgeirsson, skipstjóri á botnvörpuskipinu „Jupiter“ G.K. 161. frá Hafnarfirði, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. — Málskostnaður greiðist af almannaþje.

Dómur hæstarjettar.

Eins og segir í hinum áfrýjaða lögreglurjettar-dómi fór vjelbáturinn Trausti, er styrks naut úr ríkissjóði til landhelgisgæslu í Faxaflóa sunnanverðum, undir stjórn stýrimannsins Þórarins Samúels Guðmundssonar, frá Sandgerði þ. 21. ágúst f. á. um hádegisbil. Auk stýrimannsins voru á bátnum hásetinn Þórður Guðmundsson og vjelamaður Stefán Jó-

hannsson. Fór báturinn sem leið liggur norður fyrir Garðskaga og var það tilætlunin að taka formanninn í Gerðum. En er fyrir Garðskaga kom sáust botnvörpuskip að veiðum í Garðsjó, og var þá horfið frá því ráði að sækja formanninn, en bátnum lagt fyrir akkeri norður af Gerðum nálægt því, er stýrimaður hjelt landhelgislinuna vera, til þess að vera þar á verði og gæta landhelginnar. Veður var bjart svo að vel sást til miða á landi. Lá báturinn þarna á verði þar til um kl. 5,15 síðdegis. Þá kallaði stýrimaðurinn hina tvo skipverjana, er undir þiljum voru, á þilfar til þess ásamt sjer að staðmiða tvö botnvörpuskip, er hann hugði vera komin í landhelgi á veiðum. Komu báðir skipverjarnir á þilfar og miðuðu þeir ásamt stýrimanni, að varðbáturinn lá á miðinu: hæsti hnjúkurinn á Þórðarfelli á Hólmsbergstá og Skiphóll um Steinbogahús innan við Gerða og samtímis miðuðu þeir allir tvö botnvörpuskip í stefnu sunnan við Keili í 2000 metra fjarlægð eftir ágiskun. Er botnvörpuskipin litlu síðar voru á útleið var varðbáturinn leystur úr festum og siglt að skipunum til þess að lesa nöfn þeirra og reyndist annað að vera Jupiter G.K. 161, sem kærði var formaður á og var vírstrengur stjórnborðsmegin aftur af því, er ráða mátti af, að botnvarpa skipsins væri í sjó.

Að vísu var þetta ekki tilkynt lögreglustjóra þá þegar, að því er stýrimaðurinn segir af því, að hann var ekki viss um hvar landhelgislinan var á þessu svæði, en af brjefi útgerðarmanns varðbátsins til stjórnarráðsins, dags. 15. sept. f. 4., sem eftirrit af hefir verið lagt fram í hæstarjetti, má sjá, að það hefir verið tilkynt útgerðarmanni. Þann 26. sept. var varðskipið Óðinn statt í Garðsjónum og sýndi þá stýrimaður varðbátsins skipherra þess skips hvar

Þáturinn hafði legið á verði 21. ágúst f. á. og mældist legustaður varðbátsins að vera 0,4 sjómílu innan landhelgislinunnar. Og daginn eftir að þessi mæling hafði farið fram tilkynnti stýrimaður varðbátsins sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu landhelgisbrotið.

Þann 7. október næsta á eftir mættu svo áður nefndir þrír skipverjar varðbátsins Trausta fyrir lög-
reglurjetti og báru það með samhljóða vitnisburðum, er þeir staðfestu með eidi, að varðbáturinn hefði á tilgreindum tíma legið á framangreindu miði og að þeir þá hefðu frá þeim stað miðað skip kærða sunnan til við Keili í á að giska 2000 metra fjarlægð, og frá þessum framburði hafa þeir ekki hvikað í síðari rjettarhöldum málsins. Þann 30. s. m. fór svo varðskipið Þór að tilhlutun stjórnarráðsins til Gerða og vísuðu þá allir skipverjar varðbátsins skipherra varðskipsins á legustað Trausta 21. ág. f. á. og mældist hann þá með hornmælingum að vera 0,5 sjómílu innan landhelginnar og á sjókorti, er skipherra varðskipsins sendi stjórnarráðinu, er afmarkaður legustaður varðbátsins og landhelgislinan, og sýnir sjókortið, að bein lína frá legustað varðbátsins sunnan til við Keili er *öll* innan landhelgislinunnar, og breytir það engu um þetta hvort legustaður varðbátsins er talinn vera 0,4 eða 0,5 sjómílu innan við landhelgislinuna.

Kærði hefir viðurkent, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum í Garðsjó 21. ágúst f. á. og að hann hafi haft botnvörpu sína í sjó um kl. 5,15 síðdegis, en hann hefir eindregið neitað því, að hann þá hafi verið eða veitt innan landhelginnar. Hefir hann, svo sem nánar segir í lögreglurjettardóminum, nákvæmlega tilgreint mið þau, tekin með hornmælingu, er hann hafi fiskað eftir þenna dag, og liggja þau öll utan landhelgislinunnar, en mið þessi og mælingar

eru tilgreind eftir minni, þar sem kærði hefir ekkert um þetta bókað í dagbók skipsins. Þrjár af skipverjum kærða hafa einnig verið yfirheyrðir og hafa staðfest framburð sinn með eiði. En það verður ekki álitid, að framangreindri eiðfestri skýrslu skipshafnarinnar á varðbátnum sje hnekkt með þessum vitnisburðum, enda verður ekki annað ráðið af vitnisburðunum en að tvö af vitnunum hafi verið undir þiljum á skipi kærða, er varðbáturinn athugaði og staðmiðaði það innan landhelginnar, og framburður þriðja vitnisins er ekki svo nákvæmur og ákveðinn, að af honum verði ráðið hvar það telji stað skipsins hafa verið á þeim tíma, er máli skiftir.

Það verður því að álíta, að með framangreindum eiðfestum vitnisburðum skipshafnarinnar á varðbátnum Trausta sje það löglega sannað, að kærði hafi verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi þ. 21. ágúst f. á. og gjörst brotlegur gegn 1. gr. í lögum nr. 5, 18. maí 1920.

Kærði hefir með dómi lögreglurjettar Reykjavíkur 9. jan. f. á. verið dæmdur fyrir veiðar með botnvörpu innan landhelgi, og að því athuguðu að gullgengi íslenskrar krónu er 81,65%, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15000 kr. sekt til landhelgisjóðs og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. En þar sem skilja þykir mega ákvæði fyrra liðs 5. gr. nefndra laga, um fangelsi sem aukarefsingu, samkv. almennum grundvallarreglum refsilaga um hækkun refsingar fyrir ítrekað brot, á þann veg, að aukahegningunni skuli því að eins beitt að um ásetningsbrot sje að ræða, sbr. og seinni lið greinarinnar um heimild fyrir aukahegningu við fyrsta broti »þegar miklar sakir eru«, og það á

hinn bóginn þykir sennilegt eftir öllum atvikum, sem upplýst eru í málinu, að kærði hafi að óvilja sínum verið að veiðum innan landhelgi í þetta skifti, þá verður kærði ekki dæmdur í umrædda aukahegningu.

Um upptöku afla og veiðarfæra er eigi að ræða, þar sem málið er höfðað svo löngu eftir að brotið er framið.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar fyrir lögreglurjettinum og í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 200 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Þórarinn Olgeirsson greiði 15000 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands eða sæti 8 mánaða einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar fyrir lögreglurjettinum og í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem af valdstjórnarinnar hálfu er höfðað gegn Þórarni Olgeirssyni, skipstjóra á botavörpuskipinu „Jupiter“, G.K. 161, sem nú er til heimilis í „Portland“ í Grimsby í Englandi, 43ja ára að aldri, fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botavörpuveiðum, horfir þannig við, að þann 21. ágúst þ. á. lagði m/b. „Trausti“, sem síðastliðið sumar var gerður út til landhelgisgæslu í Garðsju og í sunnanverðan Faxa-

flóa með styrk úr ríkissjóði, út frá Sandgerðisvík, hvar honum vegna storms hafði verið lagt af formanni bátsins, Þorbergi Guðmundssyni á Jaðri í Gerðum, og sem bedið hafði skipverja að sækja bátinn þangað í því skyni, að honum yrði haldið út til landhelgisgæslu þá um daginn, og var gert ráð fyrir því, að skipverjar á bátnum, Þórarinn Samúel Guðmundsson stýrimaður, Stefán Jóhannsson, vjelgæslumaður og Þórður Guðmundsson háseti á bátnum, kæmu við í innleiðinni og tækju formanninn í Gerðum, áður en landhelgisgæslan byrjaði. — Samkvæmt skýrslu skipverja, segjast þeir um hádegisbilið hafa farið frá Sandgerði og haldið sem leið liggur fyrir Garðskaga, en er þangað kom, hafi þeim eða fyrnefndum stýrimanni, vírst togarar vera nærgöngulir orðnir þar í Garðsþjó, og því afráðið að fara þegar út á miðin til gæslu, án þess að taka formanninn í Gerðum, eins og um var talað, og hafi þeir svo haldið frá Garðskaga út á miðin, og lagst fyrir akkeri þar, sem þeir hugðu að landhelgislínan mundi vera, eða sem næst henni, en um hana var þeim eigi kunnugt, nema hvað stýrimaðurinn kveðst hafa heyrt áður, að hún myndi liggja um miðin: Þórðarfell á Hólmsbergstá, og Skipihóll um Gerða. — Segjast skipverjar svo hafa legið þar, sem þeir í fyrstu hjeldu kyrru fyrir, þar til klukkan hafi verið á að giska 5¼ e. m., að þeir veittu því eftirtekt, að togarinn „Jupiter“, sem þeir þegar hefðu sjeð og þekt, er þeir lögðu bátnum fyrir akkeri á miðunum, hafi ásamt öðru skipi, er þeir þá eigi þektu, verið að sjá frá þeim eða bátnum í stefnu *sunnan* við Keilir, og á að giska í 2000 metra fjarlægð frá bátnum, og hafi þeir þá miðað bátinn af þannig: hæsti hnjúkurinn á Þórðarfelli á Hólmsbergstá, og Skipihóll um Steinbogahús, sem er innantil við Gerða. — Kveðast þeir allir í sameiningu hafa gert þessar athuganir, bæði að því er snertir legu bátsins eða afstöðu hans, og einnig um það, að skip þessi hafi þá verið að snúa við í fyrgreindri stefnu frá þeim að sjá og stefnt á bát þeirra, og kveðst stýrimaður, sem kallað hafi á hina tvo aðra, vjelamann og háseta, upp á þilfar, til að gera athuganir þessar, hafa lagt ríkt á við þá, að setja vel á sig miðin. — Veður segja þeir að hafi verið bjart, norðan gola og vel sjest til fjalla, og yfirhöfuð verið bjart yfir. — Jafnskjótt og þeir höfðu gert athuganir þessar, bæði að því er varðbátinn snertir og skipin, og þegar vjel bátsins var upphitúð, segjast þeir hafa losað bátinn frá akkerisfestinni og haldið til skipaana, er þá bæði hafi haldið í stefnu til bátsins, mjög nálægt hvort öðru, djúpmeglin við bátinn, og verið þá mjög nálægt bátnum, eða svo, að sögn

stýrimanns, að aðeins hafi líðið ca. 10 mín. frá því þeir losuðu bátinn, og þar til að hann var við hlið skipanna, en vjelamaður giskar á, að skipin þá hafi verið ca. 150 fadma frá þeim. — Sáu þeir þá vírstrengina aftur af skipunum stjórnbörðsmegin, og er þeir komu að skipunum, hafi þeir lesið númer þeirra og nöfn greinilega, eða Jupiter, G.K. 161 og H. 260, Tervani, er togað hafi lítið eitt grynna en skipið „Jupiter“ og hafi svo skip þessi haldið út og norður að sjá á Hvalfjörð eða norðantil við Reykjavík, en annars hefir skipverjum eigi borið saman um stefnu skipanna áður og eftir að þeir gerðu athuganir þessar, nje heldur um stefnu bátsins til þeirra, og segjast eigi þá hafa athugað nákvæmlega þetta, eða eigi nú muna, hvernig verið hafi.

Skýrslu um framangreindar athuganir, sem er dags. 27. septbr. þ. á., og útgefin af stýrimanni, en vottuð af hinum skipverjunum, hafa þeir svo allir fyrir rjetti 7. f. m., staðfest með eidi.

Við mælingu á stað varðbátsins eftir tilvísun stýrimanns Þórarins Guðmundssonar eins, er framkvæmd var af foringjanum á varðskipinu „Óðin“ 26. septbr. þ. á., kom það í ljós, að staður varðbátsins, er hann lá á fyrgreindum miðum 21. ág. þ. á., hafi mælst 0,4 sjómflu innan landhelgislínnunnar, dýpi 35 metr., en við mælingu foringjans á varðskipinu „Þór“, er fram fór 30. f. m. í vidurvist og eftir tilvísun allra þriggja skipverja á varðbátunum, er fyrgreindir, mældist staður varðbátsins 0,5 sjóm. fyrir innan landhelgislínnuna, en dýpið þar 35,5 metr., og hefir eigi undir raunsoðkninni fengist upplýst, hvernig á þessum mismun standi.

Að því er snertir afstöðu skipanna, er þau voru að veiðum grynnt í Garðsjó oftgreindan dag, með hliðsjón af staðfestri skýrslu varðbátsmanna, þá hefir foringinn á varðskipinu „Þór“, samkvæmt skýrslu hans, dags. 23. þ. m., afmarkað stað skipanna á framlögðu sjókortinu nr. 260, og er þar á dregin upp landhelgislínan á þessu svæði, og frá afmörkuðum stað varðbátsins lína dregin á Keilir og önnur á Garðskaga, og slegið út boga milli þeirra tveggja lína í 2000 metra fjarlægð frá hinum afmarkaða stað varðbátsins, og segir varðskipsforinginn í fyrgreindri skýrslu hans, að skipin hafi samkvæmt framansögðu átt að vera einhverstaðar í þeim boga, sem allur sje fyrir sunnan og vestan Keilir frá varðbátunum að sjá, og sem sje allur innan landhelgislínu, frá 0,8 til 1,6 sjómílur.

Ákærður Þórarinn Olgeirsson, hefir kannast við, að hann 21. ág. þ. á. hafi verið að veiðum í Garðsjó á fyrgreindu botnvörpuskipi, Jupiter, G.K. 161, en utan landhelgi eingöngu. Kveðst

hann umræddan dag, kl. 1 e. hád. hafa sjeð varðbátinn „Trausta“ frá Gerðum koma fyrir Garðskaga, og þekt bát þennan þá. Hafi hann allan þennan dag fiskað eftir merkjum á meðan togað var. Kl. 2,45 e. m. hafi varpan verið dregin upp og skipið látið reka, enginn fiskur, og skipið þá verið á þessum miðum: Keilir skamt fyrir innan Kálfatjörn og Hamarinn-Meiri fastur undir Akrafjalli. Því næst hafi kl. 4,45 verið „kastað“ til norðvesturs í þessum merkjum: Keilir skamt fyrir vestan Kálfatjörn og Hamarinn-Meiri laus undan Akrafjalli, þá „kastað“ í norðvestur og togað í NV til N þar til Sandfell er rjett komið að Hólmsbergstá, en þá verið beygt til stjórnborða og alla leið í stefnu ASA, og er þá kl. 5,20 e. m., en kl. 5,50 e. m. hafi varðbáturinn komið upp undir bakborðssíðu skipsins, og snúið þar við vestur um aftur, og hafi þá staður skipsins verið: Keilir að komast á Kálfatjörn, og Hamarinn-Meiri fast að Akrafjalli. Lætur ákærður þess getið að þegar búið var að „kasta“, og skipið var á stefnunni NV til N, hafi varðbáturinn verið að sjá á bakborða við skipið, og einnig tekur hann það fram, að þegar skipið hafi verið í merkjunum: Sandfell rjett komið að Hólmsbergstá, þá hafi Skiphóll verið að sjá skamt fyrir vestan Gaukstaði, eða á að giska mitt á milli Gaukstaða og Gerða. Kveðst hann svo eftir að varðbáturinn kom að skipinu hafa togað í sömu stefnu og áður eða í SAS, og haldið þeirri stefnu til kl. 6,30 e. m., að hann hafi hætt veiðum þarna og haldið inn á „Flóann“ og fiskað þar yfir nóttina.

Hefir foringinn á varðskipinu „Þór“ 23. þ. m. mælt upp og markað á framlagðan uppdrátt, hvar skipið eftir skýrslu ákærða hafi verið kl. 4,45, kl. 5,20 og kl. 5,50 e. m. umræddan dag, og komist að þeirri niðurstöðu, að staður skipsins hafi kl. 4,45 verið 1,2 sjóm. utan landhelgislinu, kl. 5,20, 0,6 sjóm. utan hennar, og kl. 5,50, 1,6 sjóm., einnig utan landhelgislinunnar, og skipið þannig í öll þessi skifti verið að veiðum utan landhelgis, samkvæmt mælingum þessum, eftir skýrslu skipstjórans eða ákærða, en staði þessa kveðst ákærður hafa tilgreint eftir minni, þar eigi sje venja að bókfæra þetta á togurum yfirleitt, en hann kveðst glögglega muna hver merkin voru, er hann fór eftir á miðum þessum þennan umrædda dag, enda hafi hann stuttu síðar heyrt því fleygt, að hann þennan dag hafi átt að vera að veiðum í landhelgi, og þá þegar glöggvað sig á merkjunum, og auk þess kveðat hann og vera vel kunnugur veiðimerkjum í Faxafóa, þar hann nú undanfarin 15 ár hafi sem skipstjóri stundað hjer botnvörpuveiðar.

Tveimur dögum áður kveðst ákærður hafa tekið staðarathugun þannig: Hornið á milli Garðskagavítans og Hólmsbergstáar 62°, 5' og hornin milli Hólmsbergstáar og Helgafells 75°, og gefi það 0,3 úr sjóm. utan landhelgislinunnar, og segist hann hafa haft þar, niðri „bauju“, enda verið fullviss um, hvar hann þá var, því mælitæki skipsins sju í góðu lagi. Loks tekur hann það fram, að er hann þremur dögum áður hafi verið að veiðum einmitt á hjerumræddu svæði eða eftir sömu merkjum og fyr greinir, hafi varðskipið „Fylla“ komið að skipinu, og ekkert haft við það að athuga, og hefir stýrimaður skipsins staðfest þennan framburð hans með eidi. Liggur og fyrir staðfest skýrsla eins háseta mætta, sem áður hefir verið á varðbátnum „Trausta“ við landhelgisgæslu í Garðsþjó, að honum oftgreindan dag hafi virst varðbátur þessi liggja utar eða lengra frá landi, en venja hafi verið áður, og bátsmaður skipsins hefir einnig með eidi staðfest það, undir rannsókninni, að skipstjóri hafi tvívegis haft á orði við hann, þá á stjórnþalli, að honum virtist varðbáturinn liggja utar en venjulegt væri, og er hann hafi stýrt stefnuna NV til N, hafi báturinn verið að sjá frá skipinu á bakborða, en skipinu svo verið beygt í stefnuna ASA, og henni haldið til kl. 7 e. m. að varpan hafi verið uppðregin.

Heldur ákærður því fram, að hann aldrei þennan dag hafi verið nær landhelgislinunni að utan, en 925 metr., og að varðbáturinn hafi hlotið að liggja fjær landi þá, en ráða megi af skýrslu þeirra á varðbátnum.

Þá hefir skipaður talsmaður ákærðs haldið því fram, að enda þótt skipverjum á varðbátnum hafi öllum komið saman um miðin, sem varðbáturinn lá á að þeirra sögn, og um það, í hvaða stefnu umrætt skip hafi verið að sjá þaðan, þá hafi þeir undir rannsókninni með framburði sínum um mörg önnur atriði mikilsvarðandi, annaðhvort eigi borið saman, svo sem um tímann og stefnu skipanna og bátsins o. fl., borið við minnisleysi um þetta og hitt, svo að þeim eigi sje trúandi. — Ennfremur sje skýrsla þeirra um atburð þennan eigi gefin fyr en 5 vikum síðar, miðin ekki skráð þegar, og að líkindum aldrei fyr en hin eiðfesta skýrsla hafi verið gefin, útbúnaður varðbátsins að því er snertir mælingatæki, sjónauka, dagbók o. fl. í frábærilega ljelegu lagi eða ástandi o. s. frv., skipsmenn heldur eigi að þekkingu nákvæmni og sjómensku þeim hæfileikum gæddir, er útheimta megi af skipshöfn á slíkum bát, sem hjer sje um að ræða, og útgerður sje af ríkisstjórnarinnar hálfu. Komi og hin eiðfesta skýrsla algjörlega í

bága við nákvæmar mælingar ákærðs, framkvæmdar með góðum mælingatækjum, og við eiðfestan framburð þjá manna af skipshöfn hans, og einnig hafi stýrimaður varðbátsins bent varðskipsforingjunum á röng mið við mælingu á stað bátsins, sem orsakað hafi mismunandi mælingu eða útkomu hennar hjá hverjum varðskipsforingja um sig, eins og skýrslur þeirra sýni, og margt annað tilfærir talsmaður ákærðs, er beri vott um það, að skýrslugefendum eigi sje trúandi, eða þeir skoðaðir sem ábyggileg vitni um það, sem er aðalkjarni málsins.

Enda þótt nú eigi verði álitid, að framburður ákærðs og skipverja hans um það, að hann eingöngu þennan umrædda dag, 21. ág. þ. á., hafi verið að veiðum eða togað eftir merkjum þeim eða miðum, sem hann hefir uppgefið, og öll eru utan landhelgi, geti staðist gegn hinni eiðfestu skýrslu bátsverja, nje heldur verði fallist á eða samsint aðfinslum og átölum skipaðs talsmanns ákærðs í garð bátsverja eða skipverja á mótorbátnum „Trausta“ og um ófullnægjandi útbúnað varðbáts þessa, þar útbúnaður sá, er hann tilgreinir, og sem að vísu er æskilegur, eigi virðist útheimtast til þess að athuganir þær, er getur um í hinni eiðfestu skýrslu skipverja á oftgreindum varðbát, geti verið ábyggilegar, verður skýrsla þessi þó eigi talin að vera óyggjandi sönnun fyrir því, að ákærður hafi á fyrgreindu skipi verið að veiðum í landhelgi í umrætt skifti, þar skýrsla þessi eða kæra virðist ofseint framkomin til rannsóknar, eða skýrslan þessvegna eigi eins örugg sönnun og hún ef til vill hefði verið eða álitist, ef fram hefði komið þegar eftir að brotið átti að hafa verið framið, þar allar upplýsingar um einstök atriði, er styðja hana eða fella, eru nú óljósari en þá, og fyrgreindur dráttur á að koma fram með kæru þessa eða skýrslu eigi verðist rjettlættur með því einu, að skýrslugefendunum eigi var kunnugt um það, hvar landhelgislínan á svæði þessu væri. Hin mismunandi útkoma á mælingum varðskipsforingjanna á legustað varðbátsins, virðist og geta bent til þess, að óvissa hafi einhver verið um miðin eða merkin, sem og stafað getur af drætti á rannsókn um þetta atriði, loks er og til greind fjarlægð skipanna frá varðbátnum, er athuganir fóru fram-ágiskun ein. Einnig virðist og hafa verið knýjandi ástæða til þess að bátsmenn hefðu lóðað dýpið á þeim stað, er varðbáturinn lá fyrir akkeri í umrætt skifti, og að sett hefði verið niður dufl eða merki á staðnum þar til nánari athugun og mæling gat framfarið, en hvorutveggja þetta var á valdi skýrslugefenda að framkvæma um leið og athuganir þeirra á skipunum fóru fram.

Það virðist því eiga að sýkna ákærðan af kærnum vald-
stjórnarinnar í máli þessu, og að málskostnaður skuli greiddur af
almannafje.

Á máli þess: hefir enginn ónaúdsynlegur dráttur orðið.

Föstudaginn 11. mars 1927.

Nr. 52/1926 **Húsnefnd Goodtemplarahússins**
(Pjetur Magnússon)
gegn
forsetum Alþingis f. h. eigenda
og umráðenda Alþingishússins,
og gagnsök (Lárus Jóhannesson).

Um rjettindi gagnáfrýjanda yfir lóð aðaláfrýjanda.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 7. nóv. 1925:
Varnaradili, forsetar alþingis f. h. eigenda og umráðenda alþingis-
hússins, á að vera sýkn af kröfum sóknaradilja, hússnefndar Good-
templarahússins, f. h. eigenda og umráðenda þess.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hafa báðir aðiljar skotið til hæsta-
rjettar, áfrýjandi með stefnu útgefinni 14. júní f. á.,
að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 21. maí s. á. og stefndi
með stefnu útgefinni 30. júní f. á., að fengnu áfrýj-
unarleyfi dags. 29. s. m.

Þótt forsetar Alþingis ljetu árið 1893 ákveða
merki á óbygðri lóð Alþingishússins og fengju þá
samtímis lóð hússins bæði lagaða og aukna, og ljetu
síðan girða hana með traustum grjótgarði, þá þykir
þetta ekki fela í sjer nægilega heimild til þess að
lita svo á, að forsetarnir hafi með þessu fallið frá
hinum víðtæka rjetti yfir Goodtemplarahússlóðinni,